



Félag fornleifafræðinga

429 stjórnarfrumvarp - Menningarminjar

30. nóvember 2022

Þórunnartúni 2

105, Reykjavík

Vísað er til fyrri umsagna Félagsins um þetta frumvarp en hér vill stjórn þess koma á framfæri skoðun á ártalinu sem á að miða við, ásamt umræðupunkti um almennt viðhorf til verndum menningarminja.

Hvaða ártal ætti að miða við?

Félagið tekur undir tillögu Minjastofnunar Íslands um að miðað skuli við árið 1923 fyrir hús og mannvirki. Fyrir henni liggja sannfærandi fagleg rök (sbr. umsögn Minjastofnunar Íslands 22. ágúst 2022). Sömuleiðis er ekki skynsamlegt að færa ártal aftar en núgildandi aldursfriðun og afnema þar með friðun á nokkrum fjölda af húsa og mannvirkja.

Viðhorf til minja

Félaginu finnst nauðsynlegt að benda á að verndum mannvirkja og eðlileg þróun miðbæja og sveitarfélaga fer vel saman – andstætt því sem sveitarfélagsfulltrúar halda gjarnan fram. Gömul og jafnvel merkileg hús hljóta að teljast dýrmætur hluti sveitarfélaga. Sé vel að málum staðið glæða þau hverfi og götur lífi og sögulegri dýpt og auka hverfiskennnd íbúa. Í stað þess að líta á friðun mannvirkja (eða fornleifa!) sem kvöð ætti að horfa til ávinnings hennar fyrir sveitarfélög og eigendur húsa geta nýtt söguarf sinn til að laða að ferðamenn, þar á meðal fjármagn til fámennari og brothættari byggða.

Virðingarfyllst,
Stjórn Félags fornleifafræðinga